

Ed.

264. Nefndarálit

[105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967, lög nr. 10/1974 og lög nr. 85/1974.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Meginefni þessa frv. er, að haldið skuli áfram að innheimta þau tvö söluskattsstig, sem runnið hafa í Viðlagasjóð, en falla áttu niður um næstu áramót, og skuli tekjurnar framvegis renna í rikissjóð.

Þingflokkur Alþýðuflokksins hefur markað bá stefnu, að gagnger breyting sé orðin nauðsynleg og tímabær í skattheimtu rikissjóðs. Hafa þingmenn flokksins flutt tillögu til þingsályktunar, þar sem heirri stefnubreytingu, sem flokkurinn telur nauðsynlega, er lýst ítarlega og hún rökstudd. Kjarni hinnar nýju stefnu er sá, að rikissjóður hætti að innheimta tekjuskatt af launatekjum. Rökin fyrir því eru fyrst og fremst þau, að tekjuskattur, í því formi sem hann er nú innheimtur, er í reynd orðinn að skatti á launamenn. Svo gróft félagslegt misrétti siglir nú í kiölfar tekjuskattsheimtunnar, að óviðunandi er. Allar tilraunir, sem gerðar hafa verið á undanförunum árum til þess að eyða þessu misrétti með breytingum á tekjuskattslöggjöfni, hafa mistekist. Þingflokkur Alþýðuflokksins telur því, að eina leiðin til þess að koma í veg fyrir ranglæti það, sem launbogar hafa orðið fyrir í sambandi við tekjuskattsheimtuna, sé að afnema tekjuskatt af launatekjum algjörlega. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að áfram verði greiddur tekjuskattur af atvinnurekstri og jafnframt gerðar ýmsar breytingar á heirri tekjuskattheimtu, í því skyni að tryggt verði, að tekjuskattsgreiðsla af atvinnurekstri verði réttlátari en hún hefur verið.

Verði tekjuskattur af launatekjum felldur niður, þarf að sjálfsögðu að bæta rikissjóði þann tekjumissi, sem það hefdi í för með sér, auk þess sem gera verði nokkrar breytingar á almannatryggingakerfinu og annarri þjónustu hins opinbera við láglaunafólk til þess að tryggja að skattkerfisbreytingin yrði ekki til þess að draga úr tekjuöflun í hjóðfélaginu, heldur öllu fremur til þess að auka hana. Meðskerfurinn til þess að bæta rikissjóði tekjumissinn ætti að vera fólgin í því að halda áfram að innheimta þau tvö söluskattsstig, sem hingað til hafa runnið í Viðlagasjóð. Þegar fært þykir að hætta að innheimta það eina söluskattsstig, sem nú gengur til þess að draga úr áhrifum verðhækkunar á olíu, mætti einnig halda innheimtu þess áfram, þannig að söluskattur héldist 20%, eins og nú er. Að svo miklu leyti sem tekjur af þeim söluskattsstigum, sem nú eru tímabundin, nægði ekki til þess að bæta rikissjóði tekjumissinn o gtil þess að standa straum af nokkurri aukinni þjónustu við láglaunafólk, hefur þingflokkur Alþýðuflokksins í greinargerð sinni fyrir þingsályktunartillögunni um afnám tekjuskatts af launatekjum gert grein fyrir því, hvernig aflu mætti rikissjóði nauðsynlegra tekna.

Þar eð þetta frv. gerir ráð fyrir því, að þau tvö söluskattsstig, sem undanfarið hafa gengið til Viðlagasjóðs, skuli framvegis renna í rikissjóð til þess að mæta almennum útgjöldum hans, geta þingmenn Alþýðuflokksins ekki á það fallist og munu greiða atkvæði gegn því. Hins vegar eru þeir samþykkir því ákvæði frv., sem felst í 2. málsgr. 1. gr., að eðlilegt sé að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái 8% — átta af hundradí — af innheimtum söluskatti.

Alþingi, 19. des. 1975.

Jón Árm. Héðinsson.